



## 40 Búlandsvirkjun


Búlandsvirkjun er ný útfærsla af 18 Skaftárvirkjun þar sem helsta frávikið er að Skaftárveita er ekki forsenda virkjunarframkvæmda. Skaftá er stífluð upp í um 315 m hæð með lágri stíflu nokkru fyrir neðan Hólaskjól og veitt til inntaks úr Syðri Ófæru við brúna á ánni norðan við Kálfasléttur. Þaðan er Syðri Ófæru veitt ásamt Skaftá í göngum til miðlunarlóns á Þorvaldsaurum með yfirfallshæð í 311 m y.s. Það er fengið með stíflun Tungufljóts við Réttarfell neðan ármóta við Þorvaldsá. Úr því miðlunarlóni yrði veitt með göngum að virkjun neðanjarðar með frárennsli í Skaftá skammt frá Búlandi í um 125 m.y.s. Veitumannvirki verður byggt við Búland til að stuðla að óbreyttu rennsli í lækjum í Landbroti og Meðallandi. Búlandsvirkjun er sami virkjunarkostur og Skaftárvirkjun en án þeirrar forsendu að vatni verði miðlað í Langasjó eða með annarri miðlun ofan Hólaskjóls. Afl 150 MW<sub>e</sub>, orkugeta 970 GWh/ár. FH III/FH IV: Gæði gagna A. FH III: Áhrif 18. FH IV: Kostnaðarflokkur 2.



## Umsögn faghóps I

FH I: Gæði gagna B/C. Verðmæti /Meðaltal: 13,2/8,0; Áhrifaeinkunn/Meðaltal : 6,7/5,4





Sérstakt mikilvægi

**Þjóðgarður:** Að hluta innan Vatnajökulsþjóðgarðs.

**Náttúruminjar:** Eldgjá, Grenlækur, Steinsmýrarflóð.

Votlendi með Skaftá, Grenlækur og Eldvatn eru á lista yfir *Important Bird Areas in Europe*, og á yfirliti yfir helstu votlendi á Norðurlöndum.

**Náttúruverndaráætlun 2009-13:** Breiskjuhraunavist verði friðlýst, hún er ekki þekkt utan svæðisins eða utan Íslands, felur í sér friðlýsingu svæða í Skaftártungum og á Síðuafrétti, tillaga að svæðin verði hluti af Vatnajökulsþjóðgarði.

**Náttúruverndaráætlun 2009-13:** Langisjór & nágrenni verði hluti af Vatnajökulsþjóðgarði, jarðfræðisvæði.

**Náttúruverndaráætlun 2004-8:** tillaga UST um að votlendi við Grenlæk og Eldvatn verði friðlýst sem búsvæði.

**Náttúruverndaráætlun 2004-8:** tillaga UST um friðlýsingu Skaftáreldahrauns sem náttúruvættis (þjóðgarðs).

**Friðlýstar minjar á efra svæði:** Leiðólfsfell, Erlendsstaðir, Hróðnýjarmýri og Granagil.

[Vorið 2011 var ákveðið að friða Skaftá ofan Lambaskarðshóla, austasta hluta Eldgjár, Grænaþjallgarð, Langasjó og Fögrufjöll, auk breiskjuhraunavistar sunnan Lakagíga sem hluta af Vatnajökulsþjóðgarði]

Mjög merkilegt eldfjallalandslag. Móbergshryggjakerfi og nútíma hraun í eystra gosbelti.

Stórgosakerfi á sögulegum tíma. Lagagígar/Skaftáreldahraun og Eldgjá/Eldgjárhraun í hópi mestu eldstöðva sinnar gerðar frá nútíma og uppsprettur stærstu hrauna á jörðinni á sögulegum tíma.

Þéttar og samfelldar raðir af móbergshryggjamyndunum milli Skaftár og Tungnaár. Ungar

jökuljaðarmyndanir, hlaupset Skaftár í mótun frá jökli og niður í byggð. Öskulagasyrpur frá stórgosum á nútíma: Eldgjá, Lakagígar og Katla. Hæsta einkunn fyrir berggrunn (20).

Fjölbreytt grunnvatn: háfjallavatn, sprungureinavatn, mikið vatn af leku landi. Grunnvatn djúpt í Skaftárgljúfrum. Stórt og merkilegt grunnvatnskerfi með samstæðum einingum sem mynda heild milli Torfajökuls og Skaftárkatla, tengsl við merkilegt grunnvatn í Út-Síðu-hraunum. Langaisjó og Útfallið. Vatnsskipti í farvegum Skaftár við grunnvatn í Eldhrauni. Margar þverár með sterkan lindastofn og öflug dragvatnshraun. Merkileg skipting Skaftár í Skaftá og Eldvatn við Ása. Merkilegt framlag Skaftár til grunnvatns í hraunum á láglandi. Há einkunn fyrir fallvötn og stöðuvötn (13). Heildareinkunn fyrir jarðfræði og vatnafar þriðja hæsta (á eftir Jökulsá á Fjöllum og Torfajökli).

Engar upplýsingar um háplöntuflórana í lónsstæði á Þorvaldsaurum. Talsvert fjölbreytt flóra í Skaftártungu en ekki sjaldgæfar tegundir. Einangraður fundarstaður reyniviðar og fuglaerta og tjarnarlauks. Reytingur af tegundum með einangraðan fundarstað en fáar sjaldgæfar tegundir á landsvísu. Gróðurkort til fyrir hluta svæðisins, m.a. fyrir lónsstæði á Þorvaldsaurum. Það er að stærstum hluta gróð, mest flokkað sem mosamóavist en einnig graslendi. Ofar á vatnasviði Skaftár verður mosagróður mjög ríkjandi. Breiskjuhraunavist er talin hafa mjög hátt verndargildi (mat NÍ), - hún er á vatnasviði Skaftár en mest austan árinna. Í heild má segja að gróður á svæðinu sé fremur einsleitur ofan byggðar en mjög sérstakur. Mestu mosasvæði á landinu, víðáttumikil og lítt snortin svæði, víðáttumikil, lítt snortin og verðmæt votlendi í Meðallandi og Landbroti. Hæsta einkunn fyrir fágæti gróðurs og stærð/samfellu/heild. Samfelldur gróður teygir sig langt inn af byggðinni sem er óvenjulegt fyrir svo eldvirkt svæði. Jarðvegur virðist vera gríðarlega þykkur sums staðar enda áfok mikið. Heildareinkunn fyrir gróður og jarðveg 13,6 (fimmta hæsta einkunn).

Þekking á fuglalífi allgöð, 48 tegundir varpflugla á vatnasviði Skaftár, þar af 24 á hálendi. Mikil og fuglaauðug votlendi í Meðallandi og Landbroti, mikilvægur vetrardvalarstaður andflugla á lindalækjum og vötnum. Margar tegundir, 13, á vólsta, m.a. þórshani. Fuglalíf á hálendi víðast strjált og fábreytt, þar fimm tegundir á vólsta. Verðmæti í fuglalífi metin 15,1.

Urriði, bleikja og lax, líklega bæði evrópskur og amerískur áll. Staðbundin bleikja og urriði í Hellisá, sjögöngustofnar hjá silungi. Laxastofnar almennt litlir, bleikjan víða aðflutt. Sjóbirtingsstofnar í meðallagi og þar fyrir ofan. Auðgi og fágæti smádyra í vatni í meðallagi en athyglisvert samfélag hryggleysingja í Langasjó sem hefur verið að mestu fisklaus.

Fornleifaskráning skammt komin í Skaftárhreppi. Margar friðlýstar minjar (12). Á framkvæmdasvæði fundust sl. sumar óþekktar minjar við Granagil, taldar fornar. Heimildir um minjastaði Búlandssel, Svartanúp, Þorlaksstaði, Þorvaldstungur, Tólfahring, Skælinga. Tólfahringur talinn tilheyrja fornri byggð, Jón Steingrímsson taldi hana hafa farið í eyði í byrjun 12. aldar. Hefðbundnar minjar um búsetu, einnig samgöngur, smalamennsku, kuml og kirkjugarð. Á framkvæmdasvæði virkjunarinnar eru 4 friðlýstir minjastaðir, tvö heildstæð býli, stök tóft og kumlategur. Svæðið talið búa yfir miklum möguleikum fyrir rannsóknir. Verðmæti alls 11. Framkvæmdir eru á svæði þar sem Tólfahringur er talinn vera, rétt sem talin er tengjast Landmannaleið lendir undir lóni.

Landslag er mjög sérstakt og talið hafa mjög hátt verndargildi: hraun, vikrar, mestu raðir móbergshryggja á landinu (í heiminum?), Eldgjá hefur sérstöðu á heimsvísu. Langisjór með jökli og Fögrufjöllum hefur mjög hátt sjónrænt gildi. Verðmæti í landslagi talin þriðju mestu af vatnsaflsvirkjunarsvæðum og fimmtu mestu af öllum svæðunum (á eftir Jökulsá á Fjöllum, Torfajökli, Markarfljóti og Vonarskarði).

## Umsögn faghóps II

FH II: Gæði gagna B/C.

<i>Ferðasvæði</i>	<i>Verðmætamat svæðis vegna ferðaþjónustu og útivistar án virkjunarframkvæmda</i>	<i>Röð eftir minnkandi verðmætum</i>
Eldgjá	9,11	8
Langisjór	8,97	10

Laki	8,87	15
Eldhraun	8,68	21
Veiðivötn	8,37	27

Staðar- númer	Virkjunarhugmynd	Verðmæti svæðis fyrir virkjunarframkvæmdir		Heildareinkunn áhrifa á beit, veiðar, ferðaþjónustu og útivist	Röð frá sjónarhóli verndunar
		til beitar	vegna veiða		
18	Skaftárvirkjun	6	6	9,01	3
16	Skaftárveita með miðlun í Langasjó		6	5,69	17
40	Búlandsvirkjun	6	6	5,07	23
17	Skaftárveita án miðlunar í Langasjó		3	4,31	29

Röðun FH I/FH II: 42.

Könnun verkefnisstjórnar: N3, B3, V6.

Rök fyrir röðun í nýtingarflokk:

Rannsóknarleyfi fengið 2010. Virkjun og línur eru á aðalskipulagi Skaftárhrepps. Frumhönnun er lokið. Samningar við vatnsréttarhafa og landeigendur eru langt komnir. Undirbúningur MÁU hafinn, áætluð lok 2012. Frekar hagkvæmur kostur. Áætluð gangsetning september 2017.

Rök fyrir röðun í biðflokk:

Óvissa hvort áformuð tilhögun gengur. Sjá flokkun Skaftárvirkjunar.

Rök fyrir röðun í verndarflokk:

Rétt við Eldgjá og fleiri mikilvægt ferðasvæði, breytir ásýnd og eðli svæðisins verulega. Verðmætar jarðminjar og landslag. Víðtækt áhrifasvæði framkvæmdar. Í heildarverðmætum lendir vatnasvið Skaftár í 4. sæti (á eftir Jökulsá á Fjöllum, Torfajökli og Jökulsánum í Skagafirði). Svæðið býr yfir miklum og mjög fágætum náttúruverðmætum og hefur mikla sérstöðu, einkum í jarðfræði og landslagi.

*Flokkun í þingsályktunartillögu: Biðflokkur*

*Rökstuðningur: Virkjunarkostur kemur seint fram til skoðunar og erfitt að meta áhrif hans. Vantar frekari upplýsingar.*